



Ályktun um byggðamál

Góð störf og örugg atvinna eru forsendur mannlífs og byggðar um land allt. Áhrif breyttra atvinnuhátta eru misjöfn um byggðir landsins. Störfum fækkar verulega í landbúnaði og fiskvinnslu ásamt því að færast á færri svæði. Ný störf í ferðaþjónustu og fiskeldi hafa þó stuðlað að jafnvægi og dregið úr áhrifum þessarar þróunar. Vanfjárfesting í innviðum vinnur gegn uppbyggingu byggðar, atvinnulífs og iðnaðar á landsbyggðinni. Innviðir samfélagsþjónustu, heilbrigðisþjónustu, samgangna, fjarskipta og raforku verða að vera í fremstu röð um land allt og styðja við byggðafestu og atvinnusköpun. Stórefla þarf nýsköpun með áherslu á sjálfbær græn störf og skapandi greinar með það að markmiði að fjölga burðarásum atvinnulífsins.

Áherslur SGS

- Innviðafjárfesting verði stórefld og innviðir samfélagsþjónustu, samgangna, fjarskipta og raforku verði í fremstu röð um land allt og styðji við atvinnusköpun.
- Aðstöðumunur vegna heilbrigðismála er óásættanlegur því skal allur kostnaður þeirra sem þurfa að sækja lækniþjónustu utan heimabyggðar sinnar bættur.
- Hvatar verði innleiddir til að fyrirtæki staðsetji starfsemi, nýsköpun og framleiðslu á landsbyggðinni, t.d. með breytingu á tryggingagjaldi, flutningskostnaði eða félagslegum tilfærslum eftir svæðum.
- Bæta þarf samgöngur á milli landshluta.
- Fjölga þarf ríkisstofnunum á landsbyggðinni.
- Efla þarf þjónustu við atvinnuleitendur og aðgengi atvinnuleitenda að úrræðum sem styrkja stöðu þeirra á vinnumarkaði.